



NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA

Fornleifadeild

Fornleifakönnun vegna framkvæmda við leiðagarða á Patreksfirði



Margrét Hrönn Hallmundsdóttir

Júní 2014
NV nr. 4-14

Efnisyfirlit

1. INNGANGUR	3
2. MARKMIÐ OG AÐFERÐIR	4
3. SKRÁ YFIR FORNLEIFAR	6
4. SAMANTEKT	22
5. NIÐURSTAÐA	23
ÞAKKIR	24
6. KORT.....	25
KORT 1. MINJAR SKRÁÐAR 2011 OG 2014.....	25
KORT 2. VATNEYRI, MINJAR 003-005.....	26
KORT 3. VATNEYRI, MINJAR 006-010.....	27
KORT 4. VIÐ GEIRSEYRI, MINJAR 002-017, 026.....	28

1. Inngangur

Árið 2011 gerði Náttúrustofa Vestfjarða, að beiðni Landmótunar fyrir hönd sveitarfélagsins Vesturbyggðar, fornleifakönnun á 4 hektara svæði í landi Geirseyrar við Patreksfjörð. Svæðið er grýtt hlið fyrir ofan Sjúkrahúsið á Patreksfirði og teygir sig til beggja hliða ofan við þess. Fyrirhugað var að byggja snjóflóðvarnar mannvirki og vegi tengda þeim framkvæmdum. Einnig var fyrirhugað að hanna innan svæðis útivistarsvæði. Rannsóknina gerði Margrét Hrönn Hallmundsdóttir fornleifafræðingur þann 18. júlí 2011 og annaðist jafnframt skýrslugerð¹. Síðar um haustið voru gerðir könnunarskurðir í tveggja þessara rústa² að kröfu Minjastofnunar Íslands. Í desember árið 2012 gerði Náttúrustofa Vestfjarða fornleifakönnun vegna framkvæmda aftan við hótelið á Patreksfirði við Litludalsá³. Sumarið 2013 voru svo gerðir könnunarskurðir á nokkrum rústum við Litludalsá⁴. Snemma vors 2014 var svo gerð fornleifakönnun vegna framkvæmda við leiðagarða á tveimur svæðum ofan við Patreksfjörð. Niðurstöður þeirra fornleifakannana birtast nú í þessari skýrslu. Skráningar sem gerðar höfðu verið á Patreksfirði árið 2011 og 2013 eru hafðar með í þessari skýrslu enda er um sama svæði að ræða ofan við Stekka.

Þegar fornleifafræðingur kom á svæðið í apríl 2014, var ljóst að nokkrar af þeim minjum sem skráðar höfðu verið árið 2011 og voru inn á svæði sem átti að skrá 2014 höfðu skemmst vegna veglagningar að leiðagörðum. Hlaðnir garðar höfðu verið rofnir og vegur lagður yfir minjasvæði. Þegar fornleifafræðingur skoðaði sárin sem veglagningin hafði gert er ljóst að ekki eru eldri minjar undir þeim sem urðu fyrir skemmdum. En ljóst er að nokkuð að minjum hefur skemmst við þessa vegalagningu.

Fornleifakönnun árið 2014 var gerð að beiðni Guðmundar Pálssonar hjá Framkvæmdasýslu ríkisins og var gerð á tveimur svæðum á Patreksfirði. Svæðin á Patreksfirði eru annarsvegar í landi Geirseyrar og hinsvegar Vatneyrar. Margrét Hrönn Hallmundsdóttir fornleifafræðingur annaðist vettvangsvinnu 5.-7. apríl 2014 og skrifar jafnframt skýrslu.

¹ Fornleifakönnun vegna framkvæmda á Geirseyri við Patreksfjörð.

² Könnunarskurðir í landi Geirseyrar á Patreksfirði

³ Fornleifakönnun vegna framkvæmda á Geirseyri við Patreksfjörð II.

⁴ Fornleifakönnun vegna framkvæmda á Geirseyri við Patreksfjörð III.

2. Markmið og aðferðir

2.1 Tilgangur fornleifaskráninga

Í lögum um menningarminjar nr. 80 29. júní 2012 segir að lögin eigi að tryggja eftir föngum verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Eins eiga lögin að auðvelda aðgang að minjunum, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Þá er fornleifaskráning bundin skipulagsgerð skv. lögnum, en í 16. gr. segir: „Skylt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna.“

Í 3. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem: „Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,

vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,

tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,

vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,

haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,

skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

Í 21. grein laga um menningarminjar segir: „fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Sú skylda hvílir á sveitarfélögum eða framkvæmdaaðilum að gera Minjastofnun Íslands viðvart ef fyrirsjáanlegt er að minjar spillist vegna hvers konar framkvæmda eða breyttrar landnotkunar (sjá 12.gr.). „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands (24 gr.).“

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða nauðsynjalausu. Fornleifaskráning nýtist við minjavörslu þegar ákveða á verndun á einstökum minjastöðum. Eins kemur hún að miklum notum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þá er hægt að taka tillit til minjanna við skipulagsgerð og nýta þær í rannsókna eða kynningarskyni. Með fornleifaskráningu má einnig stórlega minnka líkur á að fornleifar komi óvænt í ljós við framkvæmdir sem gæti leitt til tafa á viðkomandi verki.

2.2 Aðferðafræði

Aðferðafræði rannsóknarinnar byggir fyrst og fremst á fornleifaskráningu á vettvangi en að auki var farið yfir helstu heimildir um jarðirnar, s.s. örnefnaskrár, túnakort, jarðabækur og annað sem getur gefið vísbendingar um fornminjar.

Allir skráðir minjastaðir voru skráðir og voru teknir staðsetningarpunktar á hverjum stað með Trimble pro uppmælitæki. Minjastöðunum var lýst og ljósmyndir teknar af hverjum stað.

3. Skrá yfir fornleifar

Hver sýsla hefur skammstafað heiti og hver jörð hefur tvö númer í fornleifaskránni. Númerin eru komin úr annars vegar landsskrá Fasteignamats ríkisins (d. Geirseyri 209334) og hins vegar í Jarðatali Johnsens frá 1847 (d. Geirseyri 157). Síðan fær hver minjastaður raðnúmer í skránni (d. ÍS- Geirseyri 209334-157). Sé jörð með landsnúmer en ekki númer í Jarðatali Johnsens, flokkast allar fornleifar á jörðinni undir landsnúmer jarðarinnar og númer þeirrar jarðar er fornleifarnar tilheyrðu við ritun jarðatalsins.

3.1 Geirseyri Ís-209334- 157

Saga

Geirseyri saga

Í jarðabók Árna og Páls segir að á Geirseyri hafi verið bænhús sem er fyrir löngu eyðilagt.⁵ Patreksfjörður var áður kenndur við Vatneyri. Þar hefur verið verslað frá fornu fari og er eyrarinnar fyrst getið í heimildum árið 1570⁶. Einnig var stunduð verslun frá Geirseyri og var byggðin öll kölluð Eyrar um nokkurt skeið. Í gegnum aldirnar hafa norskir, enskir, þýskir og danskir kaupmenn siglt til Vatneyrar og árið 1604 gerðu Danir Vatneyri að viðurkenndum verslunarstað⁷.

Fram til ársins 1907 tilheyrði Patreksfjörður sveitarfélaginu Rauðasandshreppi. Það ár var kauptúnið, þ.e. Geirseyri og Vatneyri, tvær bújarðir. Verslun og útgerð var rekin bæði á Geirseyri og Vatneyri. Það var ekki fyrr en á síðustu árum 19. aldar að fólki fór að fjölga á Patreksfirði, en þó aðallega upp úr aldarmótum þegar að útgerð þaðan eflist. Árið 1890 voru á Vatneyri 39 manns, en á Geirseyri 49, samtals 88 manns. Árið 1910 bjuggu á Patreksfirði 475 manns, 1920 436 manns og 1930 606 manneskjur.

Á Patreksfirði er mjög góð höfn frá náttúrunnar hendi og sigling á fjörðinn hrein og auðveld. Veðursæld er mikil þegar til hafnar er komið. Þangað hefir því verið siglt frá landnámsöld og kaupmenn haft aðstöðu sína á Vatneyri frá því að byggð festist í nágrenni staðarins. Vitað er að á liðnum öldum hafa siglt þangað norskir, þýskir og danskir kaupmenn og stundað þar verslun. Fram til 1836 var Vatneyri einn hinna

⁵ Árna Magnússonar og Páls Vígalín . 1938,bls.332.

⁶ Íslenskt fornbréfasafn. 15 bindi. 1947-50, bls 511.

⁷ Jón J. Aðils. 1971 bls 76.

svokölluðu „autoriseruðu út- liggjarastaða“, en þá breyttist heitið í „autoriseraður höndlunarstaður“. Árið 1877 var með lögum ákveðið að reka megi verslun á Geirseyri við Patreksfjörð þannig „að Geirs-eyri og hinn eldri verslunarstaður, Vatneyri, séu að álitnir sem „einn verslunarstaður“ — eins og það er orðað. Eftir þetta var kaupúnið stundum kallað Eyrar af íbúum nágrennasveitanna. Einkum var sumu sveitafólki, sem fór þangað í kaupstað, tamt í munni að segja: „Eg er að fara á Eyrar“ eða „ég er að koma af Eyrum.“ Kaupúnið var þó víðast kallað Patreksfjörður og lagðist nafnið Eyrar fljótlega af.

Um síðustu aldamót 1900 voru tveir kaupmenn á Patreksfirði. Á Geirseyri sat Markús Snæbjörnsson. Hann var eigandi jarðarinnar og rak þaðan nokkra útgerð og verslun. Hann átti verslunarskip, sem var í förum til útlanda. Sagt er að hann hafi oft verið sjálfur í förum með skipi sínu.

Geirseyri fornleifaskráning 2011

Geirseyri ÍS-209334- 157-002

Hlutverk: Garðlag

Tegund: Garður, rétt

Staðsetning: A 575511 N 270373

Staðhættir: Um 20 metra austur af sjúkrahúsi er garðlag.

Minjalýsing: Garðurinn liggur til NNA og svo til NNV og eftir standa tvær hliðar hans. Að öllu líkindum hefur verið um ferhyrnd hólfa að ræða eins og er í



Mynd 1. Garður sem liggur til norðurs við hlið spítalans.

nágrenninu. Framkvæmdir við byggingu spítalans hafa líkleg tekið hinar hliðar garðsins. Garðurinn er hlaðinn út grjóti úr skriðunni fyrir ofan og er hann um einn metri á hæð og einn metri á breidd. Garðurinn er 38 metrar og liggur í NNA svo beygir hann í NNV og er hann 20 metrar í þá átt. Alls eru því leifar þessa garðs sem eftir eru, 58 metrar. Trjálundi hefur verið komið upp innan garðsins við hlið spítalans. Garðurinn á ekki að verða fyrir áhrifum framkvæmda samkvæmt skipulagskorti frá Landmótun.



Mynd 2. Gömul ljósmynd af Patreksfirði.

Geirseyri ÍS-209334- 157- 003

Hlutverk: Rétt

Tegund: Garðlag

Staðsetning: A575539 N 270419

Staðhættir: Um 53 metra austur af spítalanum er stór rétt. Réttin hefur tvö hólf sem eru misstór en það minna hefur líklega verið fyrir lömb.



Mynd 3. Rétt nærri spítalanum.

Minjalýsing: Réttin er mjög vegleg og eru hæstu veggir hennar um tveir metrar á hæð. Ummál réttarinnar er 94 metrar og aftan við stærra hólfid er annað minna sem er 24 metrar í ummál. Í suðaustur horni réttarinnar eru hlaðnir veggir af útihúsi [004].

Hættumat: Mikil hætta. Samkvæmt fyrirhuguðum framkvæmdum munu framkvæmdir hafa áhrif á suðurhorn réttarinnar.

Geirseyri ÍS-209334- 157-004**Hlutverk:** Útihús**Tegund:** Rúst**Staðsetning:** A525527 N 270417

Staðhættir: Í suðaustur horni réttarinnar [003] eru tveir hlaðnir veggir. Þessir veggir hafa verið hluti af húsi.

Minjalýsing: Veggirnir eru mjög háir eða um 2 metrar þessir sem enn standa. Þetta hús hefur verið notað

nokkuð lengi því þakið sem hefur verið á húsinu er bundið við rústina. Þakið er nokkuð heilt úr timbri með bárujárni á og í þakinu er gluggi. Húsið hefur verið hlaðið úr grjóti og er að öllum líkindum úthús.

Hættumat: Hætta vegna framkvæmda. Hugmyndir hafa komið upp um að láta húsið og hleðslur standa með einhverjum viðgerðum og hafa það sem hluta af útivistarsvæði.



Mynd 4. Þrír af veggjum byggingarinnar standa enn og þak er fest við húsið.

Geirseyri ÍS-209334- 157- 005**Hlutverk:**Útihús**Tegund:** Rúst**Staðsetning:** A575551 N270440

Staðhættir: Aftan við rétt [003] beint aftan við minna hól réttarinnar er útihús.

Minjalýsing: Húsið er grafið niður í brekkuna. Innan mál rústarinnar er 4 metrar á lengd og 1 metri á breidd. Hæð veggja er hæst einn og hálfur metri.

Leifar af þaki eru inn í rústinni sem hefur greinilega verið lítið gripahús.

Hættumat: Lítil hætta

Mynd 5. Útihús aftan við réttina [003].

Geirseyri ÍS-209334- 157-006**Hlutverk:** Útihús**Tegund:** Rúst**Staðsetning:** A 575555 N 270443

Staðhættir: Beint aftan við rúst [005] er annað minna hús og eru veggir aðeins lægri en í húsinu fyrir framan.

Minjalýsing: Innanmál rústarinnar er 3 metrar á lengd og 1 metri á breidd, veggir eru um metri á hæð. Húsið er nokkuð gróið og gæti verið eldra en það sem er fyrir framan [005].

Hættumat: Lítil hætta.**Mynd 6.** Lítið hólft aftan við [005] mun óljósara.**Geirseyri ÍS-209334- 157-007****Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Hleðsla niðurgröft/rúst ?**Staðsetning:** A575508 N270415

Staðhættir: Um 5 metra suður af rúst [004] má sjá garðlög og niðurgröft sem líklega hafa verið hús.

Minjalýsing: Garðlögin eru ekki mjög há eins og í stóru gördunum í kring. Allar þessar

**Mynd 7.** Líklega er um að ræða bæði hús og garða.

hleðslur eru samfastar og erfitt að gera sér grein fyrir þeim. Þó er ljóst að allavega tvö niðurgrafin hólft hafa verið hús enda leifar af þaki inn í þeim. Líklegt er að þarna séu garðar, hugsanlega matjurtargarðar og lítil útihús.

Hættumat: Mikill hætta. Áformað er að vegur liggi í gegn um svæðið.**Athugun í apríl 2014:** ljóst er að þessi rúst hafði skemmst vegna framkvæmda.

Geirseyri ÍS-209334- 157-008**Hlutverk:** Garðlag**Tegund:** Túngarður/rétt**Staðsetning:** A575508 N270458**Staðhættir:** um 93 metra SSA af sjúkrahúsinu, upp í brekkunni ofan við götuna Stekka, er stórt garðlag.**Minjalýsing:** Garðurinn er mikið mannvirki og hefur að öllum líkindum verið**Mynd 8.** Veglegur garður sem hefur verið utanum eitt af býlunum á Stekkum.

gerður utan um eitt af býlunum sem stóðu á þessum stað og kölluðust Stekkar. Garðurinn er gerður í halla og er um 2 metrar á breidd og þar sem hann er hæstur er hann um 2 metrar á hæð. Garðurinn er mjög heill en hann er opinn til suðurs og þar eru rústir af húsi [009] sem líklega hefur staðið þarna, einn að Stekkbæjunum. Ummál garðsins er um 201 metri. Langhliðar eru 40 metrar og norðurhliðin um 50 metrar.

Hættumat: Mikill hætta vegna þess að vegur er fyrirhugaður í gegnum garðinn.**Athugun í apríl 2014:** kom í ljós að garðurinn hafði verið rofinn vegna vegalagningar.**Geirseyri ÍS-209334- 157-009****Hlutverk:** Niðurgröftur/hleðsla**Tegund:** Rúst**Staðsetning:** A 575486 N 270439**Staðhættir:** Innan garðlagsins [008] er niðurgröftur og hleðsla.**Minjalýsing:** Líklegt er að þarna sé um að ræða rústir eða grunnur af húsi sem hefur staðið þarna og garðlagið [008] tilheyrir. Hugsanlega er þetta grunnur að timburhúsi en samkvæmt lýsingum voru bæði timburhús og torfbærir á Stekkum. Ummál niðurgraftarins þar sem sér í steinhleðslur er 23 metrar og einn og hálfur metri á hæð þar sem hleðslurnar eru hæstar.**Hættumat:** Mikill hætta. Vegur fyrirhugaður yfir hleðslurnar.**Athugun í apríl 2014:** kom í ljós að vegur hafði verið lagður yfir hleðslurnar.

Geirseyri ÍS-209334- 157-010**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Hleðsla**Staðsetning:** A 575490 N 270441**Staðhættir:** Um tvo metra aftan við niðurgröft [009] er hlaðið garðlag.**Minjalýsing:** Líklega tengist þessi hleðsla [009] en var mæld inn sér.**Hættumat:** Mikill hættu. Vegur fyrirhugaður yfir hleðslurnar.**Athugun í apríl 2014:** kom í ljós að vegur hafði verið lagður yfir minjarnar.**Geirseyri ÍS-209334- 157-011****Hlutverk:** Hús?**Tegund:** Hleðsla/ niðurgröftur**Staðsetning:** A 575457 N 270463**Staðhættir:** um fimmtán metra norður af húsi númer 17 við Stekka er hleðsla og niðurgröftur.**Minjalýsing:** Líklega er um að ræða leifar af húsi sem hefur staðið þarna. Gæti bæði verið hlaðinn grunnur undan timburhúsi, líklega ekki mjög langt síðan eitthvað stóð þarna. Ummál hleðslunnar er 26 metrar.**Athugun í apríl 2014:** Vegur var lagður yfir minjar.**Geirseyri ÍS-209334- 157-012****Hlutverk:** Grunnur af útihúsi**Tegund:** Hleðsla**Staðsetning:** A 575454 N 270479**Staðhættir:** Beint suður [011] er grunnur af húsi.**Minjalýsing:** Hleðslan er lág eða rétt um ein steinaröð hlaðin úr frekar stóru grjóti og er opin til norðurs. Lengd hliðanna er 11 metrar og langhliðin er 14 metrar.**Athugun í apríl 2014:** Vegur var lagður yfir minjar.

Geirseyri ÍS-209334- 157-013**Hlutverk:** Reykkofi**Tegund:** Hús**Staðsetning:** A 575450 N 270478**Staðhættir:** Beint norður af húsi 17 við Stekka er reykkofi undir þaki.**Minjalýsing:** Húsið er grafið inn í brekkuna og hlaðið úr torfi og grjóti með

timburþili klætt bárujárni. Bárujárn er á þaki en það er jafnframt tyrft. Húsið er enn í notkun.

Mynd 9. Reykkofi úr torfi og grjóti sem enn er í notkun.**Hættumat:** Nokkur hætta vegna framkvæmda en ekki er fyrirhugað að fjarlægja húsið.**Geirseyri ÍS-209334- 157-014****Hlutverk:** Garðlag**Tegund:** Túngarður**Staðsetning:** A 575470 N 270526**Staðhættir:** Um 20 metra aftan við hús 21 við Stekka er garðlag sem líklega hefur verið túngarður í kringum hús. Aðeins er ein hlið eftir af túngarðinum en þó hefur hann að öllum líkindum

verið ferhyrndur líkt og garðlögin í kring. Líklega hefur grjótið úr garðinum

Mynd 10. Garðlag sem hefur líklega verið í kring um eitt af býlunum við Stekka.

verðið fjarlægt, hægt er að sjá óljóst á loftmyndum hvernig garðurinn hefur verið. Líklegt er að eitt af húsunum við Stekka hafi verið innan garðlagsins.

Minjalýsing: Garðurinn er veglegur, um 2 metrar á breidd og um 1 metri á hæð þar sem hann er hæstur. Garðurinn er 52 metri á lengd og liggur í norður/suður og beygir svo til vesturs.**Hættumat:** Mikill hætta. Vegur fyrirhugaður yfir hleðslurnar.**Athugun í apríl 2014:** Vegur var lagður yfir minjar.

Geirseyri ÍS-209334- 157-015**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Rúst**Staðsetning:** A 575439 N 270527**Staðhættir:** um 10 metrum frá enda garðs [013] er hlaðin rúst.

Minjalýsing: Rústin er hlaðin út grjóti og allt í kring eru smárústir hlaðnar úr grjóti, rústirnar eru það smáar að þær eru líklega leifar af leiksvæði barna sem byggt hafa sér lítill hús þarna á svæðinu, skýrasta rústin var mæld inn.

Hættumat: Hætta vegna framkvæmda.**Mynd 11.** Lítil rúst líklega spor eftir börn.**Geirseyri ÍS-209334- 157-016****Hlutverk:** Garðlag**Tegund:** Túngarður/rúst?**Staðsetning:** A 575446 N 270481**Staðhættir:** Fast við hlið reykkofans er garðlag.

Minjalýsing: Líklega er um að ræða hleðslu frá kálgarði en þó getur verið um eitthvað annað að ræða. Hleðslan er um 12 metrar á lengd.

Hættumat: Hætta vegna framkvæmda.**Geirseyri ÍS-209334- 157-017****Hlutverk:** Óþekkt/bústaður?**Tegund:** Rúst**Staðsetning:** A 575585 N 270320

Staðhættir: Um 20 metra beint aftan við Sjúkrahúsið á Patreksfirði er gróin hleðsla sem virðist vera rúst. Að sögn heimildarmanns Ólafs Árnasonar bjuggu fyrir og um miðja síðustu öld tvær einsetukonur á þessu svæði og gæti hugsast að rústin sé af öðru húsinu. Sagði Ólafur að þær hefðu búið aftan við Spítalann.

**Mynd 12.** Hús eða garðlag aftan við spítalann.

Minjalýsing: Hleðslan er vel gróin en þó sér í grjótið í veggjum. Tveir veggir eru greinilegir. Stærð þeirra er sex og fjórir metrar.

Hættumat: Rústin mun hverfa við framkvæmdir.

Athugasemd: Gerður var könnunarskurður í þessa meintu rúst í október 2011 og reyndist ekki vera minjastaður⁸.

Geirseyri ÍS-209334- 157-018

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Rúst

Staðsetning: A 575585 N 270320

Staðhættir: Um 40 metra NNV af spítalanum í miklum trjálundi er rúst.


Minjalýsing: Rústin er að innanmáli 3x2 metrar með dyr til suðurs. Stórt grenitré vex í norðurhlið rústarinnar og á eftir að



Mynd 13. Rúst við trjálundinn ofnan við spítalanum.

skemma hana með tímanum. Ekki reyndist hægt að mæla rústina nákvæmlega inn vegna hæðar trjáa í kring sem hindruðu samband mælitækja við gervihnetti.

Hættumat: Könnunarskurður var gerður í rústina og er hún horfin undir framkvæmdir.



Geirseyri ÍS-209334- 157-019

Hlutverk: Garðlag

Tegund: Garðlag

Staðsetning: A 575612 N 270325

Staðhættir: um 50 metra norður af spítalanum og fast við rúst [015] er garðlag.

Minjalýsing: liggur í boga nærri rústinni og er um 40 cm á hæð. Garðurinn er um 19 metrar á lengd.

Teikning 1. Teikning af minjum 018-019.




Mynd 14. Garðlag við hlið rústar [017].

⁸ Könnunarskurðir í landi Geirseyrar á Patreksfirði.

Hættumat: Garðurinn mun hverfa við framkvæmdir.

Athugun í apríl 2014: Garðurinn horfinn vegna framkvæmda.



Teikning 2. Afstöðuteikning af minjunum sem skráðar voru. Rauða lína sýnir hvar vegur var lagður yfir minjar.

Geirseyri ÍS-209334- 157-026


Hlutverk: Fjárrétt

Tegund: Hleðslur

Staðsetning: A270637 N 5755514

Staðhættir: Ofan við götuna Hjalla liggur vegur í hlíðinni og á honum er brú. 100 metrum ofan við þessa brú er fjárrétt og er hún jafnframt 140 metrum ofan við hús númer 2 við Brunna.

Réttin sést ekki frá húsunum.



Teikning 3. Teikning af réttinni.

Minjalýsing: Réttin er grjóthlaðin og mikið mannvirki. Í henni er eitt stórt hólfið og þrjú minni þar sem fé var safnað. Veggir eru hæstir 170 cm á hæð og breidd veggja 3 metrar að meðaltali. Réttin er nokkuð heilleg en þó eru veggir aðeins að byrja að leggjast en halda samt hleðslunni.

Réttin er að utanmáli 24 metrar á lengd og 18 metrar að breidd. Stærsta hólfið er að innan máli 12x12 metrar og opið til austur en litlu hólfin sem opin eru inn í almenningin eru 4x4 metrar að innanmáli.

Hættumat: Í hættu vegna framkvæmda.

Saga Vatneyrar 181545-158

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Víталín segir að Vatneyri hafi verið byggð í Stekkjartúni Geirseyri.

Patreksfjörður var áður kenndur við Vatneyri. Þar hefur verið verslað frá fornu fari og er eyrarinnar fyrst getið í heimildum árið 1570⁹. Einnig var stunduð verslun frá Geirseyri og var byggðin öll kölluð Eyrar um nokkurt skeið. Í gegnum aldirnar hafa norskir, enskir, þýskir og danskir kaupmenn siglt til Vatneyrar og árið 1604 gerðu Danir Vatneyri að viðurkenndum verslunarstað¹⁰.

Á einokunartímanum fékk Patreksfjörður eða Vatneyri það hlutverk að vera fiskihöfn með verslunarumdæmi sem náði yfir svæðið frá Tálknafirði að Vatnsfirði á Barðaströnd. Um 1885 var Sigurður Bachmann eigandi og ábúandi Vatneyrar og rak þar verslun Þá var þar eitt fornt timburhús æði notað til íbúðar og verslunar. Annað timburhús var þá þar í smíðum, auk þess voru það fjórir eða fimm torfbærir sem húsmenn bjuggu í sennilega hefur íbúarfjöldi á Vatneyri ekki verið mikið yfir 50 manns¹¹. Árið 1907 eru íbúar á Vatneyri orðnir um 400 og mikill uppbygging í gangi og um það leiti eða nokkuð fyrir var farið að kalla kaupúnið Patreksfjörð¹².

Vatneyri er stór og slétt malareyri sem gengur út í fjörðinn fyrir neðan Geirseyri. Myndast þar allbreið vík,er þar hin besta höfn úr allri hafátt.

Vatneyri er kennd við lítið vatn sem var á eyrinni en var síðar grafið út og þar gerð mjög góð smábátahöfn.

Fornleifaskráning vegna framkvæmda 2014

Vatneyri ÍS-181545- 158-003

Hlutverk: Hleðsla

Tegund: Rétt

Staðsetning: A 576292 N 269408

Staðhættir: Um 170 metrum beint ofan við hús númer 1 við Mýrar er fjárrétt.



Mynd 15. Réttin er rétt utan við framkvæmdasvæði.

⁹ Íslenskt fornbréfasafn. 15 bindi. 1947-50, bls 511

¹⁰ Jón J. Aðils. 1971 bls 76

¹¹ Pétur Jónsson. 1942. bls 108

¹² Pétur Jónsson. 1942. bls 109

Minjalýsing: Réttin hefur eitt stórt hól og inn í því er annað minna sem líklega er fyrir lömb. Við hlið réttarinnar er svo minna hól og garður upp frá réttinni. Hleðslur eru greinilegar og ekki mjög grónar en mosi og skófir benda til þess að réttin sé nokkuð gömul. Réttin er 13x13 metrar á stærð og veggir um 150 cm.

Hættumat: Réttin er rétt utan við fyrirhugað framkvæmdasvæði en gæta verður að skemma ekki réttina við framkvæmdir og merking hennar nauðsynleg.



Teikning 4. Teikning af réttinni.

Vatneyri ÍS-181545- 158-004

Hlutverk: Hleðslur

Tegund: Matjurtargarðar

Staðsetning: A269348 N 576231

Staðhættir: Um 75 metra neðan við réttina nær húsunum að Mýrum eru matjurtargarðar.

Minjalýsing: Garðarnir eru samhliða. Vestari garðurinn er 8x7 metrar á stærð og hleðslur eru grónar en sér í grjót.

Hættumat: Matjurtargarðarnir er rétt utan við fyrirhugað framkvæmdasvæði. Hætta vegna framkvæmda.

Vatneyri ÍS-181545- 158-005

Hlutverk: Hleðslur.

Tegund: Matjurtargarðar.

Staðsetning: A269364 N576224

Staðhættir: Um sjö metrum frá [027] er annar matjurtargarður.

Minjalýsing: Matjurtargarðurinn er niðurgrafin í brekkuna og því aðeins hlaðin á þrjár hliðar. Stærð hans er 11x13 metrar. Garðurinn er fullur af trjám sem gróðursett hafa verið þar.


Hættumat: Matjurtargarðarnir er rétt utan við fyrirhugað framkvæmdasvæði.

Vatneyri ÍS-181545- 158-006**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Rúst**Staðsetning:** A2697525 N 575697

Staðhættir: Í hlíðinni fyrir ofan Vatneyri er vegslóði sem liggur ofan við Urðargötu frá og í átt að spítalanum. Rétt við þennan slóða er rúst af húsi.

**Mynd 16.** Rústin með steyptri plötu framan við.

Minjalýsing: Hugsanlega erum að ræða hlaðinn grunn að timburhúsi, því framan við rústina eru leifar af steyptri stétt. Rústin er 4x3 metrar að innanmáli og veggir eru um einn metri á breidd.

Hættumat: Hætta vega framkvæmda.**Teikning 5.** Teikning af rústinni (...158-006).**Vatneyri ÍS-181545- 158-007****Hlutverk:** Garðlag**Tegund:** Garður**Staðsetning:** A269744 N 575955

Staðhættir: Rétt við rúst [029] er garðlag sem liggur upp hlíðina.

Minjalýsing: Garðurinn er hlaðinn út stóru grjóti og nokkuð hruninn hann er um 2 ½ metri vegna hruns. Hæstur er garðurinn um 80 cm, Garðurinn er tekin í sundur vegna slóðans. Lengd hans er 86 metrar.


**Mynd 17.** Garðurinn tekið í SV.

Vatneyri ÍS-181545- 158-008**Hlutverk:** Hleðslur/rétt**Tegund:** Hleðslur**Staðsetning:** A269755 N 575941**Staðhættir:** 28 metra austur af rúst [030] eru hlaðnir garðar.**Minjalýsing:** Garðarnir eru svipaðir þeim sem finnast um alla hlíð ofan við Patreksfjörð. Í sumum þeirra stóðu hús en aðrir

voru matjurtargarðar. Í þeim flestum hefur síðan verið plantað miklu magni af trjáplöntum sem hafa ná umtalsverðri hæð og sama má segja um þennan. Þessi garður hefur tvö hólf sem er það minna neðan við hitt. Stærð efra hólfins sem jafnfram er stærra er 12x9 metrar og hleðslur eru hæstar 1½ metri. Minn hólfíð er 9x5 metrar. Mikið af trjágróðri fyllir þessar ferköntuðu garða og ómögulegt að sjá hvort að hús hefur staðið innan garðsins. Garðlag, sem jafnframt er ein langhlið hólfana, nær tvo metra upp fyrir hólfíð.

**Teikning 6.** Hlaðinn rétt og garður.**Vatneyri ÍS-181545- 158-009****Hlutverk:** Garðlag**Tegund:** Grjótgarður**Staðsetning:** A569785 N 575006**Staðhættir:** 37 metra SA af rúst [008] er garður**Minjalýsing:** Garðurinn er 120 cm á breidd og hæstur 50 cm á hæð hann liggur niður hlíðina og inn í húsagarð. Hann mælist 57 metrar á lengd.**Vatneyri ÍS-181545- 158-010****Hlutverk:** Garðlag**Tegund:** Grjótgarður**Staðsetning:** A269844 N 575875**Staðhættir:** 103 metrar SA af rúst [008] er garðlag sem liggur niður hlíðina.

Minjalýsing: Garðurinn er 59 metrar og grjóthlaðinn og ekki mikið gróinn.



Teikning. 1. Minjar í Urðum í landi Vatneyrar.

4. Samantekt

Svæðin sem skoðuð voru í land Geirseyrar og Vatneyrar en Patreksfjörður þróast út frá þessum tveimur jörðum og var verslun var stunduð þar. Svæðið í landi Geirseyrar var ofan við Sjúkrahúsið og kallast Stekkjagil eða Stekkir. Alls eru skráð fimm lítill býli eða hús á Stekkum rétt eftir aldamótin 1900 og kallast þau Stekkar I-V. Þar bjó fólk í litlum húsum og virðist sem það hafi hlaðið garða í kring um hús sín úr skriðunum í kring og afmarkað með þeim sitt svæði. Byggðin í Stekkum er í svokölluðu Stekkjatúni¹³ og bera líklega nafnið vegna þess.

Minjar höfðu verið skráðar á Stekkjum árið 2011 og við rannsókn 2014 bættist aðeins við einn minjastaður (209334- 157-026) sem hafði verið utan þess svæðis sem skráð var árið 2011. Þessi eini minjastaður er fjárrétt. Réttin er merkilegur minjastaður.

Við framkvæmdir hafa nokkrir minjastaðir orðið fyrir skemmdum vegna vegalagningar í tengslum við framkvæmdir. Í þessari skýrslu er skráningin frá 2011 með athugasemdum um hvaða minjar hafa orðið fyrir skemmdum. Á tveimur stöðum sést í sár í minjunum og ekki lítur út fyrir að eldri minjar hafi verið undir þeim sem skemmdust við framkvæmdir. Þær minjar sem vegur er lagður yfir og í gegnum, hafa að öllum líkindum verið frá um 1900.

Hitt svæðið var á svæði sem kallast Urðir og er í landi Vatneyrar. Þar fundust nokkrar minjar fyrir neðan núverandi sjóflóðavarnargarð. Minjarnar eru nokkrir garðar, rúst af litlu húsi og hlaðnir ferkantaðir garðar svipaðir þeim er finnast á Stekkum. Rétt og tveir matjurtagarðar eru hinsvegar rétt fyrir utan það svæði sem framkvæmdir ná til. Þær minjar voru skráðar samt sem áður.

Í töflu 1 er samantekt á minjunum sem hafa verið skráðar og mat á hvort þær séu í hættu.

¹³ Heimild óþekkt. Ljósrit í fórum heimildarmanns.

Tafla 1. Minjar, lýsing og hættumat á þeim vegna framkvæmda.

Minjar staður númer	Tegund	Hættumat
Vatneyri ÍS-181545- 158-003	Rétt	Utan svæðis
Vatneyri ÍS-181545- 158-004	Matjurtargarður	Utan svæðis
Vatneyri ÍS-181545- 158-005	Matjurtargarður	Utan svæðis
Vatneyri ÍS-181545- 158-006	Rúst	Hætta vegna framkvæmda
Vatneyri ÍS-181545- 158-007	Garður	Hætta vegna framkvæmda
Vatneyri ÍS-181545- 158-008	Rétt/ hleðsla	Hætta vegna framkvæmda
Vatneyri ÍS-181545- 158-009	Garður	Hætta vegna framkvæmda
Vatneyri ÍS-181545- 158-010	Garður	Hætta vegna framkvæmda
Geirseyri ÍS-209334- 157-002	Garðlag	Utan svæðis 2014
Geirseyri ÍS-209334- 157-003	Rétt	Utan svæðis 2014
Geirseyri ÍS-209334- 157-004	Útihús	Utan svæðis 2014
Geirseyri ÍS-209334- 157-005	Útihús	Utan svæðis 2014
Geirseyri ÍS-209334- 157-006	Útihús	Utan svæðis 2014
Geirseyri ÍS-209334- 157-007	Óþekkt/rúst	Skemmt vegna framkvæmda
Geirseyri ÍS-209334- 157-008	Garðlag	Skemmt vegna framkvæmda
Geirseyri ÍS-209334- 157-009	Niðurgroftur/hleðsla	Skemmt vegna framkvæmda
Geirseyri ÍS-209334- 157-010	Hleðsla	Skemmt vegna framkvæmda
Geirseyri ÍS-209334- 157-011	Rúst/hleðsla	Skemmt vegna framkvæmda
Geirseyri ÍS-209334- 157-012	Rúst/hleðsla	Hætta vegna framkvæmda
Geirseyri ÍS-209334- 157-013	Reykkofi	Hætta vegna framkvæmda
Geirseyri ÍS-209334- 157-014	Garðlag	Hætta vegna framkvæmda
Geirseyri ÍS-209334- 157-015	Rúst	Hætta vegna framkvæmda
Geirseyri ÍS-209334- 157-016	Garðlag	Hætta vegna framkvæmda
Geirseyri ÍS-209334- 157-017	Rúst	Könnunarskurður, reyndist ekki vera fornleifar
Geirseyri ÍS-209334- 157-018	Rúst	Könnunarskurður og fjarlægt með leyfi
Geirseyri ÍS-209334- 157-019	Garðlag	Könnunarskurður og fjarlægt með leyfi
Geirseyri ÍS-209334- 157-020	Rúst/rafstöð	Könnunarskurður og fjarlægt með leyfi
Geirseyri ÍS-209334- 157-021	Rúst/rafstöð	Könnunarskurður og fjarlægt með leyfi
Geirseyri ÍS-209334- 157-022	Vegur	Könnunarskurður og fjarlægt með leyfi
Geirseyri ÍS-209334- 157-023	Fjárhús	Könnunarskurður og fjarlægt með leyfi
Geirseyri ÍS-209334- 157-024	Fjárhús	Könnunarskurður og fjarlægt með leyfi
Geirseyri ÍS-209334- 157-025	Garðlag	Könnunarskurður og fjarlægt með leyfi
Geirseyri ÍS-209334- 157-026	Fjárrétt	Í hættu vegna framkvæmda

5. Niðurstaða

Við skráninguna 2014 fannst ein rétt (209334- 157-026) í Stekkum á Geirseyri í viðbót við það sem áður var skráð. Í Urðum í landi Vatneyrar fundust inn á framkvæmdasvæði

fimm minjar og þrjár rétt utan svæðis. Skýrsluhöfundur hefur ekki undir höndum upplýsingar um hvaða framkvæmdir eiga að fara fram í Urðum og því erfitt að gera sér grein fyrir hvort minjar séu í hættu.

Eindregið er mælt með að fjárréttin ofan Stekka verði látin óhreyfð.



Mynd 18. Gömul mynd af Patreksfirði sem sýnir vel svæðið þar sem mannvirkin eiga að rísa.

Þakkir

Fær heimildarmaður minn Ólafur Árnason fyrir aðstoð og hlýlegt viðmót.









**NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA**

Skýringar:

 Minjar


000 Nr. minja skráðar 2014



Minjar á framkvæmdarsvæðum í landi
Vatnseyrar og Geirseyrar á Patreksfirði
Mælikvarði: 1:1000 Dags: 5.6.2014 Kort 3
Náttúrustofa Vestfjarða
Hulda B Albertsdóttir



Skýringar:

 Minjar

000 Nr. minja skráðar 2014

000 Nr. minja skráðar 2011

0 25 50 75 100 125 m



Minjar á framkvæmdarsvæðum í landi
Vatnseyrar og Geirseyrar á Patreksfirði
Mælikvarði: 1:2500 Dags: 5.6.2014 Kort 4
Náttúrustofa Vestfjarða
Hulda B Albertsdóttir

Heimildaskrá

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. II. bindi*. Hið íslenska fræðafjelag, Kaupmannahöfn. Sögufélagið, Reykjavík: Ljósprentuð útgáfa 1981.

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. 2011. Fornleifakönnun vegna framkvæmda á Geirseyri við Patreksfjörð. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 20.11.

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir og Guðrún Jóna Þráinsdóttir. 2011. Könnunarskurðir í landi Geirseyrar á Patreksfirði. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 22-11.

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. 2013. Fornleifakönnun vegna framkvæmda á Geirseyri við Patreksfjörð II. Náttúrustofa Vestfjarða NV nr. 2-13.

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. 2013. Fornleifakönnun vegna framkvæmda á Geirseyri við Patreksfjörð III. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 19-13.

Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn. XV. 1947-1950. Hið íslenska bókmenntafjelag, Kaupmannahöfn.

Jón J. Aðils. 1971. *Einokuunarverslun Dana á Íslandi 1602-1787*. Heimskringla. Reykjavík.

Óprentaðar Heimildir

Örnefnastofnun Íslands

Örnefnaskrá Geirseyri

Heimild út fornum heimildarmanns ljósrit úr óþekktri bók sem listar ábúendur á Patreksfirði.